

# Árshátíð Félags læknanema

Sólveig Bjarnadóttir  
stjórnarmaður FL

Nú á dögum var haldin árshátíð Félags læknanema. Þar eru árlega veitt verðlaun þeim kennara og deildarlækni sem þykja hafa skarað fram úr. Í ár voru einnig veitt sérstök heiðursverðlaun.

## Kennsluverðlaun

Handhafi kennsluverðlauna FL 2019 er Elsa Björk Valsdóttir, sérfræðingur í almennum skurðlækningum og lektor við læknadeild Háskóla Íslands. Elsa hefur barist ötullega fyrir því að innleiða hermikennslu í læknadeild. Hún hefur skipulagt færnibúðir fyrir læknanema í upphafi 4. árs og staðið fyrir færniviku sem hluta af námskeiði í skurðlækisfræði. Með þessu gefst nemendum tækifæri til að æfa klínísk vinnubrögð í öruggu umhverfi undir handleiðslu leiðbeinanda. Einnig hefur Elsa átt þátt í því að skipuleggja klíník um siðfræði fyrir 4. árs læknanema til að fjalla um siðferðisleg álitamál sem



Stjórn Félags læknanema, frá vinstri: Krister Blær Jónsson, Þórdís Þorkelsdóttir, Teitur Ari Theodórsson, Elsa Björk Valsdóttir, Árni Johnsen, Sólveig Bjarnadóttir og Daníel Pálsson. Ljósmyndari: Jóhannes Davíð Purkhús.

geta komið upp í starfi og ræða erfið atvik sem nemar kunna að hafa lent í.

## Deildarlæknaverðlaun

Handhafi deildarlæknisverðlauna FL 2019 er Hjálmar Ragnar Agnarsson. Hjálmar hefur verið einstaklega virkur og metnaðarfullur í því að sinna nemum og á mikið hrós skilið. Hann hefur sýnt frumkvæði í kennslu og skipulagt fræðslu utan skóla til að hjálpa við próflestur. Sérstaklega á hann heiðurinn af því að kenna 4. árs læknanemum að lesa hjartarafrit.

## Heiðursverðlaun

Handhafi heiðursverðlauna FL árið 2019 er Gunnhildur Jóhannsdóttir. Heiðursverðlaun eru aðeins veitt við sérstök til efni, gjarnan til þeirra sem hafa unnið óeigingjarnt starf í þágu læknanema. Gunnhildur hefur með vinnu sinni sem skrifstofustjóri á skurðsviði Landspítala skipulagt og haldið utan um klínískt nám nema á 4. ári um áralangt skeið. Hún hefur þannig leitt margar kynslóðir læknanema í gegnum sín fyrstu klínísku skref á Landspítala og kunnum við henni bestu þakkir fyrir.



Sólveig Bjarnadóttir, Gunnhildur Jóhannsdóttir, Þórdís Þorkelsdóttir og Teitur Ari Theodórsson.



Þórdís Þorkelsdóttir, Hjálmar Ragnar Agnarsson og Sólveig Bjarnadóttir.